

Alþingi  
Erindi nr. Þ 121/1923  
komudagur 5.5.197



Alsherjarnefnd Alþingis  
B.t Sólveigar Pétursdóttur, formanns,  
Þórshamri v/ Templarasund  
150 Reykjavík

Reykjavík 2 maí 1997

Landssamtökin Þroskahjálp hafa kynnt sér "Frumvarp til lögræðislaga"

Samtökin fengu frumvarpið ekki til umsagnar fyrr en þann 17. apríl og þá eftir að hafa óskað sérstaklega eftir því.

Af því tilefni vilja Landssamtökin Þroskahjálp minna á að þau eru hagsmunasamtök fyrir þann hóp fólks sem skv. töflu 3. í greinargerð frumvarpsins er næst algengast að svipta lögræði, því ætti það að vera sjálfgefið að leitað sé til samtakanna vegna laga sem snerta þessi grundvallar mannréttindi umbjóðenda samtakanna

Landssamtökin Þroskahjálp vilja koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við Allsherjarnefnd Alþingis.

1. Samtökin mæla með því að sjálfræðisaldur verði hækkaður í 18 ár

Það þarf vart að hafa mörg orð um að fyrir umbjóðendur samtakanna hefur hvert ár mikið að segja hvað varðar hæfni einstaklingsins að taka ákvarðanir um eigið líf og framtíð, þó bráðgerð ungmenni geti hugsanleg höndlað sjálfræði 16 ára gömul.

2. Þroskahjálp fagnar þeim nýmælum sem fram koma í 5. grein frumvarpsins um takmarkaða lögræðissviptingu, bæði hvað varðar tímabundna sviptingu og einnig hvað varða fjárræðissviptingu ákveðinna eigna.

Hvað varðar tímabundna svipting leggja samtökin eindregið til að heimild verði að finna í 5. grein laganna til að í ákveðnum afmörkuðum tilvikum sé mögulegt að svipta fólk sjálfræði tímabundið í styttri tíma en 6 mánuði.

Samtökin rökstyðja þessi beiðni sína með eftirfarandi dæmi.

Sú staða getur komið upp og hefur komið upp að nauðsynlegt er talið að grípa inn í líf einstaklinga án þess að viðkomandi einstaklingur sé til þess fær að gefa meðvitað samþykki sitt, þótt slíkt inngrip hljóti ávallt að vera siðferðislega umdeilanlegt.

Þetta getur t.d. átt við um aðgerðir sem framkvæmdar er skv. öðrum lögum t.d. lögum um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

Til þess að þetta inngrip sé framkvæmanlegt þarf að svipta viðkomandi sjálfræði.

Eftir aðgerðina eru aðstæður viðkomandi einstaklings þannig að hann getur höndlað sitt sjálfræði rétt eins og áður.

Samkvæmt fyrirbyggjandi frumvarpi virðast möguleikar hans til að njóta að nýju sjálfræðis einskorðast við það að

a. Sóknaraðili beri fram kröfu um að lögræðissvipting verði niðurfeld sbr. 1.tl 15.greinar.

b. Einstaklingurinn sæki sjálfur um niðurfellingu skv. 2. tl. sömu greinar en geti þá fyrst átt von á sjálfræði aftur eftir 3 mánuði sbr. 2. málsgrein 2 tl. sömu greinar og verði þá að eiga það undir mati dómara að aðstæður sé svo breyttar frá því að hann var sviptur lögræði að honum beri lögræði að nýju.

Nú er það svo að aðstæður eru breyttar en ástand einstaklingsins, það er að segja þroskahömlunin er sannarlega til staðar og því óvíst hvernig dómara meti breyttar aðstæður viðkomandi.

3. Samtökin lýsa yfir stuðningi við ákvæði laganna um ráðsmann.

Þetta ákvæði telja samtökin að falli vel að þeim anda laganna að ætíð skuli gera eins lítið inngrip í sjálfræði og fjárræði einstaklingana eins og hægt er að komast af með en þó tryggja réttaröryggi þeirra sem í erfiðleikum með að fóta sig í flóknum heimi fjármálanna.

Landssamtökin Þroskahjálpu eru hinsvegar alfarið á móti gjaldtöku fyrir skipun ráðsmanns hvort sem um er að ræða gjaldtöku til ríkissjóðs skv. 50 gr. frumvarpsins eða að þóknun til ráðsmann skuli vera greidd af skjólstaðingi hans skv. 44. grein.

Samtökin benda á þá augljósu hættu að fólk sem þarfnast ráðsmann sækist ekki eftir slíku í "sparnaðarskyni" og einnig að einstaklingar sem hafi ráðsmenn óski eftir niðurfellingu á þeirri skipan skv. 48. gr einnig í "sparnaðarskyni".

Lögræðislög eiga að tryggja réttaröryggi einstaklingana ákvæði eins og um gjaldtöku rýrir það hlutverk laganna

Landssamtökin Þroskahjálp fagna þeim ákvæðum laganna sem fjalla um aukið eftirlit með lögráðamönnum/ráðsmönnum og taka undir þau ákvæði sem er að finna í 2. tl. 60. greinar um að lögráðamenn skuli haga störfum sínum í þágu hins ólögráða..

Einig lýsa samtökin yfir ánægju sinni með þau ákvæði 58. greinar þar sem leitast er við að afmarka heimildir lögráðamanna við þá persónuhagi sem sviptur einstaklingur er sannarlega ófær um að taka ákvarðanir sjálfur.


Nokkuð hefur borið á þeirri tilhneigingu gagnvart þroskaheftu ólögráða fólki að þau hafa ekki fengið að njóta eigna sinna.

Sumir þessara einstaklinga eiga allnokkra fjármuni en þrátt fyrir það búa þeir við þröngan kost og lifa fábreyttu lífi rétt eins og þeir sem ekkert eiga. Það hlýtur að teljast eðlilega krafa að lögráðamenn séu vakandi yfir að fé þessara einstaklinga sem flestir eiga sér engar afkomendur komi þeim að notum í lifandi lífi.

Yfirlögráðendur ættu að hafa þetta hugfast í eftirlit sínu með lögráðamönnum.

Virðingarfyllst

F.h. Landssamtákanna Þroskahjálpar



Friðrik Sigurðsson, framkvæmdastjóri

Afrit sent:

Ögmundi Jónassyni,  
Jóni Kristjánssyni,  
Árna R. Árnasyni,  
Jóhönnu Sigurðardóttur  
Hjálmar Jónssyni  
Valgerði Sverrisdóttur,  
Guðný Guðbjörnsdóttur,  
Kristjáni Pálssyni